

Þegar verkstöðvum er komið upp skal taka tillit til hávaða frá búnaði sem þar er komið fyrir, einkum með það í huga að hann trufla ekki athygli fólks eða samtöl.

e) **Hiti**

Ekki má stafa svo mikill hiti frá búnaði sem tilheyrir verkstöðvum að hann valdi starfsmönnum óþægindum.

f) **Geislun**

Vegna öryggis og heilsu starfsmanna skal geislun (utan hins sýnilega hluta rafsegulsviðsins) haldið svo lítili sem framast er unnt.

g) **Raki**

Loftraki skal vera hæfilegur.

3. **AÐLÖGUN STARFSMANNNS OG BÚNAÐAR**

Þegar hugbúnaður er hannaður, valinn eða keyptur eða þegar honum er breytt, og þegar skipulögð eru störf þar sem skjáir eru notaðir, skal atvinnurekandi hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) hugbúnaður skal hæfa því verki sem vinna skal;
- b) hugbúnaður skal vera auðveldur í notkun og skal unnt að laga hann að þekkingu eða reynslu notandans eftir því sem við á; ekki má beita tölvukerfi til afkasta eða gæðaftirlits án vitundar starfsmanna;
- c) tölvukerfi skulu gefa starfsmönnum upplýsingar um hvernig verki miðar;
- d) upplýsingarnar skulu gefnar í því formi og með þeim fresti sem hentar notendum;
- e) tekið skal tillit til vinnuvistfræðilegra sjónarmiða, sérstaklega hvað snertir störf við meðferð upplýsinga.

REGLUR

um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Efni og gildissvið.

1. Reglur þessar gilda um það þegar byrðar eru handleiknar og því fylgir hætta á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, vegna þess hvernig hluturinn er gerður eða að vinnuvistfræðilegar aðstæður eru slæmar.
2. Reglurnar gilda á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ná til.

2. gr.

Skilgreining.

Í þessum reglum merkir orðasambandið „að handleika byrðar“ það þegar einn eða fleiri starfsmenn flytja byrði úr stað eða styðja við hana. Í því felst að lyfta, setja niður, ýta, draga, bera eða færa til byrði, sem getur verið hlutur/hlutir, fólk eða dýr.

II. KAFLI Skyldur atvinnurekenda.

3. gr.

Almenn ákvæði.

1. Atvinnurekandi skal gera skipulagsráðstafanir eða nota viðeigandi hjálpartæki, einkum vélbúnað, til að komast hjá því að starfsmenn þurfi að handleika byrðar.
2. Þegar ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skal atvinnurekandi skipuleggja vinnuaðstæður, nota viðeigandi búnað eða sjá starfsmönnum fyrir hjálpartækjum til að draga úr þeirri áhættu sem felst í þessu starfi þeirra og taka þar mið af I. viðauka sem fylgir reglunum.

4. gr.

Skipulag vinnusvæða.

Alls staðar þar sem ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skal atvinnurekandi skipuleggja vinnusvæði á þann hátt að öryggi og hollusta sé sem allra mest þegar byrðar eru handleiknar. Atvinnurekandi skal:

- a) meta, fyrirfram ef unnt er, öryggis- og heilbrigðisaðstæður við verk af þessu tagi og einkum skoða hvers eðlis byrðarnar eru og taka þar mið af I. viðauka,
- b) forðast eða draga úr hættu á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum með því að gera viðeigandi ráðstafanir, einkum með tilliti til vinnuumhverfis og taka þar mið af I. viðauka.

III. KAFLI

Framkvæmd vinnu.

5. gr.

1. Við mat á hættu á heilsutjóni við vinnu, þar sem byrðar eru handleiknar, skal meta lögun og ástand byrðarinnar, auk þess nauðsynlega líkamlega áreynslu, eðli vinnunnar og vinnuaðstæður að öðru leyti.
2. Þegar þarf að lyfta fólki skal matið vera í samræmi við 1. tölul. og auk þess tekið sérstakt tillit til áhættu vegna skyndilegs álags.

6. gr.

Vinnuaðstæður þar sem byrðar eru handleiknar skulu vera eins góðar og kostur er. Umferðarleiðir skulu vera greiðfærar til að koma í veg fyrir hættu á að starfsmenn renni til, hrasi o.s.frv. Lýsing skal vera nægileg. Umferðarleiðir skulu vera það rúmar á breidd og hæð að hægt sé að handleika byrðar í uppréttri stöðu, án hættu á heilsutjóni.

7. gr.

Þegar byrðum er staflað skal séð til þess að hægt sé að gera það án hættu á heilsutjóni, með góðri líkamsbeitingu og án hættu á að staflinn falli.

8. gr.

Ef starfsmenn handleika byrðar í sífellu skal hvíla þá með öðru verkefni eða koma fyrir hléum þannig að draga megi úr hættu á heilsutjóni.

Ef starfsmenn handleika byrðar í miklum kulda eða hita skal hvíla þá með annarri vinnu eða hléum til að koma í veg fyrir heilsutjón.

9. gr.

Starfsmenn skulu nota öryggisskó ef hætta er á fótmeiðslum við að handleika byrðar og

vinnuhanska ef hætta er á handmeiðslum vegna byrðarinnar. Þegar þörf er á hlífðarfatnaði vegna heilsuspillandi efna í byrðinni eiga starfsmenn að nota þar til gerð vinnuföt og persónuhlífar. Um framkvæmd þessarar greinar vísast til gildandi reglna um notkun persónuhlífa.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra.

1. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem verða gerðar samkvæmt þessum reglum á sviði öryggis og hollustu. Atvinnurekendum er skylt að gæta þess að starfsmenn fái almennar ábendingar og, ef kostur er, nákvæmar upplýsingar um: þyngd hlutar sem handleika á og þungamiðju þyngstu hliðarinnar þegar innihald pakka dreifist ójafnt.
2. Atvinnurekendum ber að tryggja að starfsmenn sem handleika byrðar fái tilsögn í rétttri líkamsbeitingu, kennslu í rétttri notkun hjálpartækja og upplýsingar um þá áhættu sem þeir kynnu að taka, einkum ef verkin eru ekki unnin rétt, með tilliti til I. og II. viðauka.

11. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti á því sviði sem reglur þessar taka til, að viðaukum meðtöldum, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1980.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt þessum reglum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlitið getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessara reglna vegna tæknilegra breytinga eða þegar aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

V. KAFLI

Refsiákvæði.

14. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af

tilskipun 90/269/EBE í XVIII. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

1. Byrðin

Burður getur valdið hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef:

- byrði er of þung eða of stór,
- byrði er ómeðfærileg eða erfitt er að ná taki á henni,
- byrði er óstöðug eða með innihaldi sem getur færst til,
- starfsmaður verður að halda á byrði út frá líkamanum, eða standa hokinn eða undinn í baki vegna hennar,
- byrði er þannig löguð eða svo hörð að starfsmaður geti meiðst, einkum ef hún rekst í hann.

2. Líkamlegt átak

Líkamlegt átak getur valdið hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef:

- það er óhóflegt,
- það krefst þess að undið sé upp á bolinn,
- það veldur hættu á að byrðin færist skyndilega til,
- það sem staðið er á er óstöðugt.

3. Aðstæður við vinnu

Aðstæður við vinnu geta aukið hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef:

- rými, einkum í hæðina, er ekki nægilegt til þess verks sem vinna skal,
- gólf er óslétt og hætt er við hrösun, eða gólfið er hált og fótabúnaður starfsmanns hentar ekki,
- vinnustað eða vinnusvæði er þannig háttáð að ekki er unnt að meðhöndla byrði í æskilegri vinnuhæð eða með góðri líkamsbeitingu,
- mismunandi hæð er á gólfi eða vinnufleti þar sem byrði er handleikin,
- gólf eða undirstöðufloitur er óstöðugur,
- hiti, raki eða loftræsting er ekki viðunandi.

4. Verkefnið

Verkefnið kann að fela í sér hættu á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, ef eitt eða fleiri eftirtalinnna atriða eiga við:

- líkamleg áreynsla er of tíð eða of langvinn, hættan eykst ef reynir mest á hrygginn.
- starfsmaður fær ónógan tíma til líkamlegrar hvíldar eða til að jafna sig eftir áreynslu.
- sú vegalengd sem byrði er borin, lyft eða lækkuð um er óhófleg.
- vinnu er þannig háttáð að starfsmaður á þess ekki kost að ráða sjálfur vinnuhraða sínum.

II. VIÐAUKI

Áhættuþættir sem lúta að einstaklingnum

Starfsmaður kann að vera í hættu ef hann:

- hefur ekki líkamlegan styrk til þess verks sem um er að ræða,
- ber óhentug föt, fótabúnað eða aðra persónulega muni,
- hefur ekki til að bera nægilega eða viðeigandi þekkingu eða þjálfun.

31. ágúst 1994

Nr. 500

REGLUR**um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.**

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Reglum þessum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða. Í þeim er að finna ákvæði um ráðstafanir á vinnustöðum sem dragi úr hávaða, tryggi að starfsmenn noti heyrnarhlífur þar sem þess er þörf og að haft verði reglulegt eftirlit með heyrn starfsmanna þar sem við á. Markmið reglnanna er að hávaði á íslenskum vinnustöðum verði undir 85 dB(A) jafngildishávaða á 8 stunda vinnudegi. Taka skal sérstaklega tillit til hávaðavarna um leið og búnaður eða húsnæði er hannað, svo og að velja efni, vinnutilhögun og vinnuaðferðir sem hafa minni hávaða í för með sér. Markmiðið skal vera að draga úr hávaða þar sem hann á upptök sín.

Í I., II. og III. viðauka eru birtar leiðbeiningar um hávaðamælingar og eftirlit með heyrn starfsmanna svo og skilgreiningar hugtaka.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Á vinnustöðum skal fyrirkomulag, framkvæmd vinnu, vélar, tæki og annar búnaður vera þannig að hávaði sé svo lítil sem kostur er, að teknu tilliti til kostnaðar.

Við hönnun og uppbyggingu fyrirtækja skal við það miðað að jafngildishávaði sem starfsmenn verða fyrir á 8 stunda vinnudegi verði ekki meiri en 85 dB(A). Sama á við um endurnýjun véla og búnaðar.

Í einstökum tilvikum, þar sem tæknilegar, fjárhagslegar eða aðrar forsendur krefjast þess, getur Vinnueftirlit ríkisins veitt undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. Viðkomandi fyrirtæki skulu að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins gera áætlun um aðgerðir til að draga úr hávaða þannig að þau uppfylli ákvæði 2. mgr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt starfandi fyrirtækjum hæfilegan frest til að uppfylla ákvæði 1.-2. mgr.

3. gr.

Þeir sem hanna, framleiða, selja og setja upp vélar og annan búnað skulu kappkosta að hávaði sé svo lítil sem kostur er.

Þeir sem selja vélar og vélbúnað skulu láta í té upplýsingar um hávaða sem búnaðurinn gefur frá sér. Vinnueftirlitið getur krafist þess að vélar og vélbúnaður sem gefur frá sér meiri hávaða en 85 dB(A) sé sérstaklega merktur.